



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 13. febrúar 2006
2006020045/91/SG/gh

Vísað er til samantektar landlæknis um skaðsemi reykinga frá 2. desember 2002 til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Frumvarp þetta fjallar um eitt þarfasta mál til eflingar heilsu fólks, sem fram hefur komið um alllangt skeið. Frumvarpið gerir ráð fyrir banni við reykingum á almannaferi, þ.á.m. á veitinga- og skemmtistöðum auk ýmis konar annarra þjónusturýma sem skilgreind eru mjög vítt í frumvarpinu. Ákvæði laganna koma til framkvæmda þann 1. júní 2007.

Ekki á að þurfa að deila lengur um skaðsemi reykinga en í tilefni frumvarpsins og þeirrar umræðu sem orðið hefur um efni þess er nauðsynlegt að ítreka og rifja upp að tóbaksreykingar eru helsti faraldur 21. aldarinnar. Sé litið til heimsins alls er dánartala einungis vaxandi af völdum tveggja tegunda sjúkdóma, þeim er tengjast tóbaksnotkun og af völdum HIV.

Á grundvelli rannsóknar sinnar hefur Hjartavernd áætlað að tæplega 300 Íslendingar látist árlega hér á landi af völdum sjúkdóma sem rekja má beint til tóbaksreykinga. Samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustöð reykja um 22% fullorðinna Íslendinga og gera má ráð fyrir að heildarfjöldi reykingamanna á Íslandi sé einhvers staðar á bilinu 30-40 þúsund. Talið er að um helmingur allra sígarettureykingamanna muni að lokum deyja vegna tóbaksnotkunar sinnar. Reykingar valda a.m.k. 80% dauðsfalla af völdum lungnakrabbameins, um það bil 80% dauðsfalla af völdum lungnaþembu og tæplega 20% allra dauðsfalla af völdum hjartasjúkdóma.

Reykingamenn sem reykja rúmlega pakka af sígarettum á dag eru í um það bil 25% meiri hættu á að deyja úr lungnakrabbameini en þeir sem ekki reykja. Sígarettureykingar auka líkur á kransæðastíflu tvö- til þrefalt miðað við þá sem ekki reykja. Konum sem reykja og nota getnaðarvarnatöflur er tíu sinnum hættara við kransæðstíflu og heilablóðfalli heldur en konum sem taka getnaðarvarnatöflur en reykja ekki.


Óbeinar reykingar eru einnig verulegt vandamál og talið er að allnokkur tilvik lungnakrabbameins og hjartasjúkdóms megi rekja til þeirra og ennfremur innlagnir barna vegna ýmissa kvilla á sjúkrahús. Börn á reykingaheimilum búa við meiri hættu á sýkingum í öndunarvegi, þau fá asmaeinkenni oftar og ungbarnadauði (Sudden Infant Death Syndrome) er líklegri á reykingaheimilum en öðrum. Í þessu efni má einnig minnst á nýlegar upplýsingar frá Helena, Montana í Bandaríkjunum, en þar voru reykingar bannaðar tímabundið á öllum

opinberum stöðum. Á meðan reykingabannið varði brá svo við að fjölda innlagna vegna
brjóstverkja og kransæðavandamála á eina sjúkrahús bæjarins fækkaði verulega.

Þetta frumvarp miðar að tvennu; í fyrsta lagi að stemma stigu við áhrifum óbeinna reykinga, og
er þar bæði horft til starfsfólks í hvers kyns þjónusturýmum, þ.á.m. veitingahúsum, og að
sjálfsögðu þorra almennings sem sækir þjónustu; í öðru lagi er með frumvarpinu send mjög
sterk skilaboð til samfélagsins um alvarleg áhrif reykinga á heilsufar. Í þessu er ekki fólgin meiri
forræðishyggja, nema síður sé, heldur en í takmörkunum á ökuhraða, skyldunotkun bílbelta,
bann við innflutningi fíkniefna, refsinga vegna ofbeldis o.s.frv.

Þung rök hníga þess vegna að því að stemma stigu við reykingum og segja má, þegar litið er til
lýðheilsu í heiminum öllum, að fá verkefni séu jafn brýn og að draga úr þeim. Landlæknir vill
því eindregið beina því til Alþingis að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson
landlæknir